

Fornleifaskrá

Vesturgata - Framkvæmdasvæði frá Stýrimannastíg að Bræðraborgarstíg og þaðan niður að Hlésgötu

Anna Lís Guðmundsdóttir



Reykjavík 2021

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 215




Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Fornleifaskrá

Vesturgata - Framkvæmdasvæði frá Stýrimannastíg að Bræðraborgarstíg og þaðan niður að Hlésgötu

Anna Lís Guðmundsdóttir



Reykjavík 2021

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 215



Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Unnið að beiðni Veitna ohf.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Líska Guðmundsdóttir

Mynd á forsíðu:

Ljósmyndasafn Reykjavíkur: KAN 001 153 3-2. Ljósmyndari: Karl Nilsen.

Um 1920-1923, gatnaframkvæmdir við Vesturgötu í Reykjavík. Verið er að undirbúa
götuna fyrir bundið slitlag.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 215

Reykjavík 2021

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli	3
1 Saga svæðisins.....	5
2 Almennt um verndun menningarminja.....	14
3 Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja.....	15
4 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar.....	17
4.1 Fornleifaskrá fyrir Vesturgötu frá Stýrimannastíg að Bræðraborgarstíg og þaðan niður að Hlésgötu	18
4.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar	26
Heimildaskrá	29
Minjatafla	31
Fornleifakort.....	32

Formáli

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja á því svæði sem nefnt hefur verið „Vesturgata frá Stýrimannastíg að Bræðraborgarstíg og þaðan niður að Hlésgötu“ sem er framkvæmdasvæði Veitna ohf. sem ætla að endurnýja vatns- og fráveitu í Vesturgötu og niður að Hlésgötu. Framkvæmdinni er skipt upp í þrjá áfanga; 1. áfangi er endurnýjun í Vesturgötu frá Stýrimannastíg að Bræðraborgarstíg, 2. áfangi er frá Vesturgötu yfir leikvöllinn Litla-Völl að Mýrargötu og að lokum 3. áfangi frá Mýrargötu í norður að Hlésgötu.¹ Skráningin er unnin að beiðni Veitna ohf.

Áður lá fyrir skýrsla „Mýrargötusvæði, Húsakönnun og fornleifaskráning“² um svæðið fyrir norðan Vesturgötu. Nú er sú skráning endurtekin miðað við kröfur um skráningu fornleifa fyrir gerð deiliskipulags/framkvæmda og bætt við því svæði sem ekki hefur verið skráð áður. Sögukaflinn sem hér er ritaður byggir á gamla kaflanum í skýrslu 98 en bætt er við ljósmyndum og kortum þar sem við á.

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabíl gert fornleifaskráningar samkvæmt ákvæðum um skráningu menningarminja í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt eða áður en gefið er út leyfi til framkvæmda.³

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks og felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðháttum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund, ásamt varðveislumati.

Mái 2021

María Karen Sigurðardóttir
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna
Borgarsögusafni Reykjavíkur

¹Sjá auglýsingu vegna framkvæmdanna <https://www.veitur.is/framkvæmdasja/vesturgata>

² Páll V. Bjarnason og fl.: *Mýrargötusvæði, Húsakönnun og fornleifaskráning*, skýrsla 98.

³ Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

1 Saga svæðisins

Til umfjöllunar er framkvæmdasvæði í landi Hlíðarhúsa, sjá mynd 1.



Mynd 1. Afmörkun framkvæmdasvæðis með rauðri brotalínu⁴

Hlíðarhús voru upprunalega hjáleiga Reykjavíkurbæjarins og er bærinn talinn innan landamerkja Reykjavíkur í vitnisburði frá því um 1500.⁵ Hlíðarhús voru orðin sjálfstæð jörð um 1600 og voru Ánanaust hjáleiga þaðan. Þetta sést á því að þegar Guðrún Magnúsdóttir, ekkja Narfa Ormssonar, síðasta sjálfseignarbóndans í Reykjavík, seldi konungi jörðina skömmu fyrir 1616, voru Hlíðarhús ekki talin með í kongsbréfi frá 19. apríl 1616.⁶ Talið er að tún jarðarinnar hafi náð niður að *Grófinni* til austurs⁷ en að Bræðraborgarstíg til vesturs og hafi síðar verið kallað *Doktorstún*.⁸ Beitarhús hafði jörðin í *Sauðagerði*. Sel hafði hún í *Seljamýri* sem var undir Öskjuhlíð.⁹

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að samkvæmt sögn manna séu Hlíðarhús partur af Víkurlandi og sjötugur jarðarinnar. Hins vegar höfðu Hlíðarhús þá sérstöðu

⁴ Kort af Reykjavík 2021 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

⁵ Dipl. Isl. VII nr. 474.


⁶ Ólafur Lárusson: *Byggð og Saga*, bls. 97-98.

⁷ Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*. 2. bindi, bls. 46.

⁸ Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*, fyrra bindi, bls. 29.

⁹ Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnaskrá Reykjavíkur og Seltjarnarness, skrásetjari Ari Gíslason.

að þau voru aldrei konungseign, gagnstætt því sem var algengast á suðvesturhorni landsins, heldur í bændaeign og voru því talin til sjálfstæðra lögbýla.¹⁰



Mynd 2. Jörðin Hlíðarhús árið 1703. Skástrikað land er uppfyllingar.¹¹

Gísli Hákonarson lögmaður (d. 1631) mun hafa verið ábúandi í Hlíðarhúsum. Samkvæmt ábúendatölu frá 1681 bjuggu í Hlíðarhúsum Símon Árnason og kona hans Helga Gunnarsdóttir.¹² Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 er Elín Hákonardóttir sögð eigandi. Ábúendur eru tveir, þeir Stefán Jónsson og Árni Hildi-brandsson. Árið 1708 seldi Elín Hlíðarhús ásamt Ánanaustum Ólafi Ólafssyni fyrir 100 ríkisdali í lausafé,¹³ en Ólafur gaf þessar eignir Helgafellskirkju á Snæfellsnesi árið 1723.¹⁴

Svo segir í Jarðabók J. Johnsen: „Árni Magnússon einn segir frá dýrleika á Hlíðarhúsum (öllum), en í jarðabókinni 1760 er líka sagt frá leigumálum, sem hér greinir. Á Ánanaustum, út af fyrir sig, telur Á. M. 47,1/2 al.1sk. 1 kúg, en prestur nefnir þau eigi. Hann telur á Hlíðarhúsum öllum vera 16 býli (85 manns), hvar af en flestu (14) vera tómthús. Í nýnefndum konungs úrskurði segir, að leggja megi Hlíðarhús til Reykjavíkur, ef bærinn gjaldi 9 vættir og 30 fiska árlega til prestsins á Helgafelli í Snæfellsnessýslu, sjá brauðskýrsluna þar.“¹⁵

¹⁰ Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók*, 3. bindi, bls. 259-260.

¹¹ Samsett kort úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR) og Lögbýli í Rvk. 1703.

¹² Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*, fyrri bindi, bls. 56.

¹³ Lbs. Nr. 176 4to tilvitnun tekin úr K. J. 1929, bls. 58.

¹⁴ M. Steph.: Eptirmæli 18. aldar, litla útg., bls.144. Tekið úr K. J. 1929, bls. 58.

¹⁵ J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 121.

Árið 1703 bjuggu í Hlíðarhúsum 15 manns en 1762 voru íbúar orðnir 39.¹⁶ Þessa fjölgun má rekja til stofnunar Innréttinganna 1751, en þá fjölgaði tómthúsum á þessum stöðum og byggðin þéttist. Árið 1835 voru Hlíðarhús og Ánanaust lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.¹⁷ Jarðamörk áttu Hlíðarhús að Ánanaustum og Reykjavík (1837). Hægt er að rekja uppbyggingu Hlíðarhúslands að mestu til ársins 1866, en þá flutti þaðan burt ekkja, frú E. Thorstensen, ábúandi í Hlíðarhúsum og tók bæjarstjórnin við jörðinni með hjáleigunni Ánanaustum. Einnig ákvað bæjarstjórnin að leggja Hlíðarhúsastíg (nú Vesturgata), byggja brunn og skipta Hlíðarhúsatúni upp til áframhaldandi leigu og uppbyggingar.¹⁸



Mynd 3. Korti frá árinu 1876 varpað á nútímagrunn. Dökklituð hús eru timburhús sem voru risin við Vesturgötu/Hlíðarhúsastíg, en önnur eru torfhús.¹⁹

Hlíðarhús stóðu þar sem nú er Vesturgata 24, 26a, 26b, 26c, 28 og Hlíðarhús b (Norðurbærinn). Á seinni hluta 19. aldar höfðu verið reist mörg býli í Hlíðarhúsum og voru þau Austurbær, Jóns Þórðarsonarbær, Skáli eða Skálabær, Sund, Miðbær og Vesturbær sem mynduðu bæjarröðina en Norðurbærinn stóð lengst, en hann var rifinn árið 1927. Enn stendur þó einn veggur sem talið er að hafi verið hluti Hlíðarhúsabæjanna, hann er í


¹⁶ Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*, fyrri bindi, bls. 90.

¹⁷ Lýður Björnsson: *Safn til sögu Reykjavíkur*, bls.1.

¹⁸ Lýður Björnsson: *Safn til sögu Reykjavíkur*. Bæjarstjórnarfundur 6. mars 1866, bls. 339, 182 bæjarstjórnarfundur 25. júní 1866. 186. bæjarstjórnarfundur 15. des. 1866.

¹⁹ Samsett kort úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR) og hluti af korti Sveins Sveinssonar frá árinu 1876. Kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Hlíðarhúsi b við Nýlendugötu sem sjá má frá Ægisgötu. Þessi eining hefur tilheyrð Norðurbænum. Hlíðarhúsabæirnir voru jafnan taldir til fyrirmyndar um alla gerð og umgengni. Um og eftir 1860 voru nokkrir bæir byggðir í Hlíðarhúsalandi, svo sem *Mýrarholt* (nr.3-37), *Garðhús* (nr. 3-53) og *Bakki* og voru þeir taldir mun byggilegri en bæir fyrir austan Reykjavík, einkum í Skuggahverfinu.²⁰ Hjá Hlíðarhúsum stóð brunnur er var nefndur *Hlíðarhúsabrunnur* (nr. 3-21).²¹ Meðfram Hlíðarhúsabæjunum var sjávangata niður í aðalvörina um 1870 (nr. 3-3).²² Eftir að Hlíðarhúsabæirnir fóru að týna tölunni risu þar fjölmörg timburhús sem standa þar enn.



Mynd 4. Korti frá árinu 1887 varpað á nútímagrunn. Brúnlituð hús eru timburhús (ibúðarhús) sem voru reist við Vesturgötu/Hlíðarhúsastíg og Nýlendugötu, en önnur ólituð eru torfhús eða steinbæir eins og Litli-Völlur og Nýlenda við Nýlendugötu.²³

Hlíðarhúsastígur lá úr Grófinni vestur í Ánanaust. Þessi vegur var að mestu á sama stað og Vesturgata liggur nú, nema vestast við *Ívarssel* hefur hann verið færður vestar. Eftir að Jón Thorsteinsen landlæknir byggði „Doktorshúsið“ sunnan Vesturgötu árið 1834 og fram undir 1880 var gatan kölluð *Læknisgata*.²⁴ Haldið var áfram við uppbyggingu Vesturgötu árið 1866 er útmældar voru lóðir undir torfbæi vestur af þeim hluta sem var þá

²⁰ Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur, seinna bindi, bls. 45.

²¹ Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnaskrá Reykjavíkur og Seltjarnarness, skrásetjari Ari Gíslason, bls. 11.

²² Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur, fyrri bindi, bls. 29.

²³ Samsett kort úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR) og hluti af korti Benedikts Gröndals frá árinu 1887. Kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, nöfn á húsum tekin úr Húsaskrá Reykjavíkur.

²⁴ Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur, fyrri bindi, bls. 225.

byggður.²⁵ Þetta var gert samkvæmt ákvæði Byggingarnefndar Reykjavíkur er lagði til að vegurinn skyldi lagður vestur eftir í beinni línu, svo langt sem Hlíðarhúsalóðin næði á milli húsa Péturs Gíslasonar í Ánanaustum og Jakobs Steingrímssonar í Seli. Nefndin taldi að með tímanum myndi Vesturgatan verða aðalvegurinn fram á Seltjarnarnes og þar af leiðandi var ákveðið að vegurinn skyldi vera nokkuð breiður, eða 7 álnir (4,27 m). Einnig voru þvergötturnar *Brunnstígur* (nr. 3-23) og *Bakkastígur* (nr. 3-64) fastsettar, en nefndin ályktaði að hin austari skyldi liggja meðfram Hlíðarhúsum vestanvert niður að sjó og hin ytri skyldi liggja fyrir vestan hjallinn á Mýrarholti.²⁶ Nokkrum árum síðar höfðu fjölmörg hús verið reist við Vesturgötu og þvergötur hennar.

Á korti frá árinu 1876 er búið að leggja Vesturgötu/Hlíðarhúsastíg að Framnesvegi (sjá mynd 3) og nokkur hús risin við götuna. Við framkvæmdasvæðið er búið að reisa Vesturgötu 47 (b. 1876), Vesturgötu 36 (b. 1875) og Vesturgötu 34 (b. 1875). Á kortinu frá 1887 er byggðin orðin þéttari og norðan götunnar eru risin hús á hverri lóð frá Hlíðarhúsum vestur fyrir Bræðraborgarstíg en að sunnan eru ekki allar lóðir byggðar, sjá mynd 4.

Elstu húsin sem standa við framkvæmdasvæðið eru byggð á tímabilinu 1875-1900, en nokkur nýrri hafa risið þar sem eldri hús stóðu, en þá innar í lóðinni. (Vesturgata 36, 36b, 40, 42 og 44a).




Mynd 5. Vesturgata árið 1890, horft í austur. Á miðri mynd er Vesturgata 46 (b. 1884), síðan Vesturgata 44 (b. 1882), Vesturgata 42 (b. 1885, rífið eftir 1968), Vesturgata 40 (b. um 1886, rífið um 1977), Vesturgata 38 (b. 1876), hús Jóns Þórðarsonar Vesturgata 36 (b. 1875, rífið 1954), hús Gísla Tómassonar Vesturgata 34 (b. 1875), hús Sigurðar Sigurðssonar, Vesturgata 32 (b. um 1874), Zoëgahús, Vesturgata 30 (b. 1880), Vesturgata 28 (b. 1881), Hlíðarhús (torfbær) sem stendur út í götuna. Lengst til hægri er Hausthús, einnig kallað Stefánshús, Vesturgata 51a (b. 1881).²⁷


²⁵ Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur, seinna bindi, bls. 44, 47.

²⁶ Klemens Jónsson. 1929. Saga Reykjavíkur, seinna bindi, bls. 57.

²⁷ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: TEA 31, ljósmyndari Tempest Anderson, 1890.




Mynd 6. Korti frá árinu 1902 varpað á nútímagrunn í LUKR.²⁸ Þá er búið að leggja Nýlendugötu að Nýlendu og Brunnstíg frá Vesturgötu að Hlíðarhúsasandi við Brunnstíg vor Vorhús(3-115) byggð 1897.




Mynd 7. Korti frá 1915 varpað á nútímagrunn í LUKR.²⁹ Húsið Mýri (3-40) við Nýlendugötu, byggt 1907, lóð vestan við Vorhús merkt sem stakkstæði (3-117).

²⁸ Landmælingar Íslands: Reykjavík, kort Landmælingadeildar Herforingjaráðs 1902, varpað á LUKR grunn.

²⁹ Hluta úr korti Ólafs Þorsteinssonar frá 1915-1918 varpað á nútímagrunn í LUKR. Kortasafn Borgarsögusafns.



Mynd 8. Korti frá 1935 varpað á nútímagrunn í LUKR.³⁰



Mynd 9. Korti frá 1941 varpað á nútímagrunn í LUKR. Við Nýlendugötu hefur verið reist stór skemma, merkt Lýsissamlag íslenskra botnvörpunga (3-114), austan við Mýri og norðan við Nýlendu þar sem nú er Nýlendugata 26. Á þessu korti má sjá að til stóð að framlengja Bræðraborgarstíg í norður að Mýrargötu og búið að leggja drög að Mýrargötu eins og hún er í dag, en ekki var Bræðraborgarstígur framlengdur þótt húsin sem stóðu í götustæðinu hafi verið rifin eða flutt upp úr 1970.³¹

³⁰ Kort Þorláks Helgasonar frá árinu 1935, varpað á nútímagrunn í LUKR. Kortasafn Borgarsögusafns.

³¹ Hitaveituuppdráttur frá árinu 1941, varpað á nútímagrunn í LUKR. Kortasafn Borgarsögusafns.




Mynd 10. Loftmynd af framkvæmdasvæðinu tekin 1946, horft í austur. Til hægri má sjá Vesturgötu, þar er merkt nr. 46 (3-108), til vinstri eða norðar eru steinbæirnir Nýlenda (3-43) og Litli-Völlur (3-44), enn norðar er steinbærinn Mýri (3-40), upp af Mýri (í austur) er stór skemma Lýsissamlagsins (3-114), norðar eru svo Vorhús (3-115) og Norðurberg (3-118) sem stendur vestan við tvær bogaskemmur Stálsmiðjunnar.



Mynd 11. Vesturgata í Reykjavík um 1944. Séð til austurs, talið frá vinstri; Vesturgata 46, Vesturgata 44, Vesturgata 42, Vesturgata 40 og Vesturgata 39, hægra megin sér fremst í Vesturgötu 45.³²

³² Ljósmyndasafn Reykjavíkur: LOG 001 2-2, ljósmyndari Loftur Guðmundsson.



Mynd 12. Korti frá árinu 1953 varpað á nútímagrunn í LUKR.³³ Mýrargata að verða til frá Ægisgötu að Brunnstíg. Spennistöð (3-120, Mýrargata 21) og skemmur Stálsmiðjunnar (3-119, Mýrargata 22) hafa verið byggðar nyrst á svæðinu.³⁴



Mynd 13. Hús og mannvirki, teiknað upp eftir kortum frá tímabilinu 1876-1953.³⁵

³³ Uppdráttur frá árinu 1953, varpað á nútímagrunn í LUKR. Kortasafn Borgarsögusafns.

³⁴ Páll V. Bjarnason og fl.: *Mýrargötusvæði, Húsakönnun og fornleifaskráning*, bls. 86.

³⁵ Kort frá 1876-1953 teiknuð inn á grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).

2 Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.³⁶

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

³⁶ Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.



Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almenn er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

3 Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2021) eru um 4.000 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrá úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðatali J. Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifar, hlaupandi tölu innan jarðar. Hér eru einungis notaðar þær tvær síðastnefndu, dæmi: Ártún 263-1.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2657**.

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri sögulegum úttektum ásamt vettvangsrannsókn sem fólst í því að gengið var um viðkomandi svæði og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar sjást ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa. Þá er reynt að áætla út frá staðsetningu hvaða hlutverk minjar hafa haft og lagt mat á ástand þeirra.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar. Ef minjarnar eru sýnilegar á yfirborði eru þær mældar inn á vettvangi.³⁷

Minjar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

Tafla 1. Minjaflokkar

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1922-1930	● Gulur
3	Minjar frá 1931 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

Engar sýnilegar fornleifar eru á svæðinu, þannig að ekkert var mælt inn. Öll kort í skýrslunni eru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap og er hnitsetningin tekin upp úr þeim grunni.

³⁷ Vefur Borgarvefsjái. Vefslóð: <http://borgarvefsja.is>.

4 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja á því svæði sem nefnt hefur verið „Vesturgata frá Stýrimannastíg að Bræðraborgarstíg og þaðan niður að Hlésgötu“ sem er framkvæmdasvæði fyrir Veitur ohf.

Fornleifaskráning hefur farið fram áður á þessu svæði að hluta, en fyrir liggur skýrsla frá 2003: *Mýrargötusvæði, Húsakönnun og fornleifaskráning*.³⁸ Skráningin tekur mið af núgildandi lögum um menningarminjar 80/2012 og þeim reglum sem gilda um skráningu fornleifa og skil á gögnum til Minjastofnunar Íslands.³⁹ Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2657**. Vettvangsrannsókn fór fram 3. maí 2021. Kort og teikningar voru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap. Upplýsingum úr þessari fornleifaskrá hefur verið skilað til Minjastofnunar samkvæmt skráningarstöðlum og leiðbeiningum stofnunarinnar.⁴⁰



Mynd 14. Fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæði við Vesturgötu, frá Stýrimannastíg að Bræðraborgarstíg að Hlésgötu.⁴¹

³⁸ Páll V. Bjarnason og fl.: *Mýrargötusvæði, Húsakönnun og fornleifaskráning*. Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur.

³⁹ *Lög um menningarminjar* - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013 – *Skráningarstaðlar fornleifa*. Minjastofnun Íslands, 2013.

⁴⁰ Oddgeir Isaksen; *Skil á fornleifaskráningargögnum - Landsupplýsingagögn: punktaskrár, línu- og flákagögn*, 2016. *Skráningarstaðlar fornleifa*. Minjastofnun Íslands, 2013.

⁴¹ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Sjá Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/>

4.1 Fornleifaskrá fyrir Vesturgötu frá Stýrimannastíg að Bræðraborgarstíg og þaðan niður að Hlésgötu

Hlíðarhús 3-40 Mýri

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-40	Mýri	Steinbær	Heimild	1908-2009	356512	408744	7	6	Ómetið	Já

Staðhættir: Á korti Bandikts Gröndals frá 1887⁴² er merktur inn bær milli Brunnstígs og Bakkastígs, stærð um 7x6 m. Nú er þarna lóðin Nýlendugata 28. Ekki er ljóst hvaða bær var á þessari lóð þá, en Jónas Jónsson í Mýri fær lóðinni úthlutað fyrir stakkstæði árið 1889 og viðbót við hana árið 1893. Jónas afsalaði sér lóðinni til dætra sinna árið 1899. Ein þeirra var Jafetína sem reisti hús á lóðinni (vestan við þar sem nú er Nýlendugata 26), árið 1907. Fátækra sjóður Reykjavíkur eignaðist 1/4 eignarinnar árið 1906 og bæjarsjóður eignast 1/4 eignarinnar árið 1916.

Lýsing: Horfið undir fyllingu. Leifar af þessu hús gætu enn leynst í jörðu.



Mynd 15. Steinbærinn Mýri (3-40) og spennistöðin (3-120) á lóð á milli Nýlendugötu 26 og 28.⁴³

Hlíðarhús 3-42

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-42		Hjallur	Heimild	1887	356522	408726	4	2,6	Ómetið	Já

Staðhættir: Á korti Benedikts Gröndals eru merktir inn tveir hjallar vestan við Brunnstíg, sá sem var sunnar og vestar var um 4x4 m⁴⁴ Nú er þarna Nýlendugata.

Lýsing: Horfið. Leifar af þessu húsum gætu enn leynst í jörðu.

Hlíðarhús 3-43 Nýlenda

⁴² Kort Benedikts Gröndals 1887. Kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

⁴³ Mynd H 24588, tekin 6.4.2002. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

⁴⁴ Kort Benedikts Gröndals 1887. Kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-43	Nýlenda	Bústaður	Steinbær	1871	356516	408716	7,6	6,5	Gott	Nei

Staðhættir: Á korti Benedikts Gröndals frá 1887 er merktur inn bær 20 m vestan við Brunnstíg, stærð 7,6x6,5 m. Nú er þar lóðin Nýlendugata 29. Húsaskrá Reykjavíkur: „Gísli Jónsson tómthúismaður fékk í desember 1871 útmælda lóð fyrir bæjarstæði „austan við lóð Björns Pálssonar“ (Litla-Völl). Lóðin var staðsett rétt vestan við Brunnstíg, slóða sem náði frá Vesturgötu niður að bænum Bakka við sjóinn, og mun í fyrstu hafa talist til Brunnstígs. Þarna virðist Gísli fyrst hafa byggt torfbæ sem kallaður var Nýlenda. Í manntali 1872 voru Gísli og Katrín Magnúsdóttir kona hans skráð til heimilis að Nýlendu ásamt dóttur sinni Guðríði Kristjönu og vinnukonu. Á korti Sveins Sveinssonar frá 1876 er þó ekki merktur inn bær á þessum stað. Svo virðist sem annar bær nefndur Nýlenda hafi verið í Reykjavík á þessum tíma og er hans getið í manntölum svo snemma sem 1797. Þar bjuggu samkvæmt manntölum 1855-1870 Þorsteinn Þorsteinsson tómthúismaður og fjölskylda, en 1890 og 1901 Ásbjörn Jónsson og fjölskylda. Ekki er ljóst hvar þessi bær hefur staðið. Árið 1878 fékk Gísli viðbót við lóð sína til norðurs og 1879 fékk hann leyfi til að byggja á henni skúr og 1880 leyfi fyrir hjalli (sjá 3-113). Árið 1883 var virtur bær „með steinveggjum og timburgöflum“ sem Gísli (þá kallaður Hans Gísli Jónsson) var þá að byggja á lóð sinni (sem þá er skráð í „Hlíðarhúsalandi“). Í virðingunni virðist standa að bærinn sé með „torfpaki á skarsúð“ [?]. Í honum var eitt herbergi. Bærinn er sýndur á korti Benedikts Gröndals af Reykjavík frá 1887. Árið 1892 fékk Gísli lóðarauka sunnan við lóð sína og 1895 fékk hann enn lóðarviðbót, ræmu meðfram Brunnstíg. Á korti danska herforingjaráðsins af Reykjavík árið 1902 sést að lóðin austan Nýlendu, næst Brunnstíg, er þá óbyggð, en á lóðinni vestan Nýlendu stendur bær og er það bærinn sem kallaður var Litli-Völlur (Nýlendugata 31). Árið 1929 var samþykkt að skipta suðurhluta Nýlendulóðarinnar í tvær byggingarlóðir. Þá var áformað að byggja á suðausturhluta lóðarinnar. Þar reis síðan, fast við austurgafli gamla bæjarins, þrílyft hús úr steinsteypu með íbúð á hverri hæð og var það fullbyggt árið 1936 (Nýlendugata 29). Þangað munu þær Guðríður dóttir þeirra hjóna og Oddbjörg vinnukona þeirra hafa flutt og eftir það var gamli bærinn leigður út. Þar eru skráðir aðrir íbúar í manntali 1930. Árið 1972 gáfu hjónin Ásbjörn Jónsson og Krístrún V. Jónsdóttir húsið og var það flutt í Árbæjarsafn í febrúar 1973 og endurbyggt þar.“

Lýsing: Horfið. Bærinn fluttur á Árbæjarsafn.



Mynd 16. Steinbærinn Nýlenda fyrir vestan Nýlendugötu 29, séð yfir að Stálsmiðjunni.⁴⁵

⁴⁵ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: SPÓ ÁBS 0968, ljósmyndari Sveinn Þormóðsson um 1970.

Hlíðarhús 3-44

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-44	Litli-Völlur	Bústaður	Heimild	1887-1960	356498	408727	8	7,2	Ómetið	Já

Staðhættir: Litli-Völlur var steinbær. Á korti Benedikts Gröndals frá 1887 er merktur inn bær 15 m vestan við Brunnstíg, og 30 m austan við Bakkastíg, stærð 8x7,2 m,⁴⁶ nú er þar leikvöllur (Nýlendugata 31). Úr Húsaskrá Reykjavíkur: „Björn Björnsson hefur byggt bæ með steinveggjum og tún.... og járnþaki. Lengd 12 ¼ al og breidd 8 ½ al og hæð 6 ½ al. Í bæ þessum eru tvö herbergi. **Lýsing:** Horfið. Rifinn eftir 1960.⁴⁷ Leifar af þessu húsi gætu enn leynst í jörðu.



Mynd 17. Steinbærinn Litli-Völlur, hægra megin á myndinni er húsið Bakkastígur 4.⁴⁸

Hlíðarhús 3-108 Vesturgata 46

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-108	Gíslholt vestra, Vesturgata 46	Íbúðarhús	Heimild	1884	356490	408691	10,3	8,7	Ómetið	Að mestu

Staðhættir: Þar sem nú er leikvöllur nefndur Litli-Völlur var áður íbúðarhúsið Vesturgata 46. Úr Húsaskrá: „Hús var byggt 1884. Bók 25-06-1874 30-06-1888 aðfanganúmer 773: Hlíðarhúsaland. Gunnar Gunnarsson hefur byggt íbúðarhús á lengd 12 ál, breidd 11 ál, hæð 5 1/2 ál úr bindingi með járnþak klætt með borðum á þrjá vegu og járn á suðurgafli. Kjallari er undir öllu húsinu og eru í því 6 herbergi auk inngangs.“

Lýsing: Horfið, rífið fyrir 1971. Leifar af þessu húsi gætu enn leynst í jörðu, þ.e.a.s. steinhlaðinn kjallari.

⁴⁶ Kort Benedikts Gröndals frá 1887. Kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

⁴⁷ Guðjón Friðriksson: Alfræði Reykjavíkur <http://archive.ph/Xzmet>

⁴⁸ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: GRÓ 006 116 6-6, ljósmyndari Gunnar Rúnar Ólafsson.



Mynd 18. Við Vesturgötu, horft í austur. Til vinstri er Vesturgata 48, 46, 44, 42 og svo f.v.⁴⁹

Hlíðarhús 3-109 Vesturgata 47

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-109	Vesturgata 47	Íbúðarhús	Heimild	1876	356493	408675	8,5	4,7	Ómetið	Nei

Staðhættir: Þar sem nú er Bræðraborgarstígur 1. Húsið Vesturgata 47 var þar sem eystri byggingin er. Elsta húsið byggt 1876, timburbindingur. Ekki er ljóst hvort þetta er sama húsið og er nú Bræðraborgarstígur 1, en samkvæmt korti frá 1887 gæti húsið verið framar í lóðinni eða jafnvel úti í götu. Úr Húsaskrá Reykjavíkur: „Árið 1906 var byggt nýtt tvílyft timburhús áfast við gamla húsið. Nýja húsið var skráð við Bræðraborgarstíg 1. Í nýja húsinu var bakarí og sölubúð á neðstu hæð. Brunaskemmd varð í bakaríinu árið 1926, aðallega í kringum ofninn.“ Vesturgata 47 er sambyggð Bræðraborgarstíg 1 og tilheyrir því húsi í dag. Húsin brunnu 25. júní 2020.

Lýsing: Brunarústirnar eru enn á svæðinu.

Hlíðarhús 3-110 Vesturgata 42

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-110	Vesturgata 42	Íbúðarhús	Heimild	1885-1968	356530	408671	7,7	6	Ómetið	Að mestu

Staðhættir: Húsið var fyrir framan það hús sem nú stendur á lóðinni. Elsta húsið var byggt 1885.

Lýsing: Horfið, húsið var rífið fyrir árið 1968, en þá er nýja húsið byggt. Leifar af þessu húsi gætu enn leynst í jörðu.

⁴⁹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: GRÓ 005 121 4-3, ljósmyndari Rúnar Gunnar Ólafsson.



Mynd 19. Vesturgata 42.⁵⁰

Hlíðarhús 3-111 Vesturgata 40

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-111	Norska húsið, Vesturgata 40	Íbúðarhús	Heimild	1881-1977	356551	408661	10	6	Ómetið	Að mestu

Staðhættir: Norska húsið, Vesturgata 40, byggt 1881. Húsið stóð þá frammar í lóðinni.

Lýsing: Horfið, leifar af þessu húsi gætu enn leynst í jörðu. Nýtt hús var byggt á lóðinni 1977 en hvergi kemur fram hvenær það gamla var rífið.

⁵⁰ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: SKH ÁBS 10 442, ljósmyndari Skarphéðinn Haraldsson.




Mynd 20. Vesturgata 42.⁵¹

Hlíðarhús 3-112 Vesturgata 36

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-112	Vesturgata 36	Íbúðarhús	Heimild	1887-1954	356588	408643	10	5	Ómetið	Að mestu

Staðhættir: Steinbærinn Vesturgata 36 stóð á báðum lóðunum Vesturgötu 36a og 36b. Steinbærinn kemur fram á korti frá 1887.

Lýsing: Horfið, rífið 1954. Leifar af þessu húsi gætu enn leynst í jörðu.



Mynd 21. Vesturgata 36b (b. 1925), steinbærinn númer 36 (b. 1887), húsið á bak við númer 36a (b.1925) og sér í Vesturgötu 34 (b. 1875).⁵²

⁵¹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: SPÓ ÁBS 1288, ljósmyndari Sveinn Þormóðsson.

⁵² Ljósmyndasafn Reykjavíkur: LOG 001 2-3, ljósmyndari Loftur Guðmundsson 1944.

Hlíðarhús 3-113

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-113		Torfbær	Heimild	1887-1920	356522	408723	76	47	Ómetið	Að hluta

Staðhættir: Nú í götustæði Nýlendugötu á móts við Nýlendugötu 29. Á korti frá 1887 eftir Benedikt Gröndal er merkt inn torfhús á þessum stað, staðsetning ekki nákvæm. Ekki er ljóst hvaða bær þetta hefur verið, en árið 1878 fékk Gísli í Nýlendu viðbót við lóð sína til norðurs og 1879 fékk hann leyfi til að byggja á henni skúr og 1880 leyfi fyrir hjalli (sjá 3-43). Byggingu má sjá á þessum stað á korti frá 1915.

Lýsing: Horfið. Leifar af þessu húsi gætu enn leynst í jörðu.

Hlíðarhús 3-114 Lýsissamlag íslenskra botnvörpunga

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-114	Lýsissamlag íslenskra botnvörpunga	Skemma	Heimild	1940-1949	356530	408735	25	21	Ómetið	Að hluta

Staðhættir: Nýlendugata 26, úr Húsaskrá Reykjavíkur: „Samkvæmt fyrstu virðingu eru á lóðinni þrír skúrar byggðir úr bindingi. Þeir eru sagðir mjög lélegir og úr sér gengnir. Stærðir: Skúr 1: 20,0x5,6x2,2 m, skúr 2: 16,9x5,4x2,4 m og skúr 3: 16,4x5,6x2,4 m. Í mars 1941 er sagt að hús Lýsissamlags íslenskra botnvörpunga (L.I.B.) hafi verið stækkað og því breytt. Á lóðinni eru þá tveir skúrar byggðir úr bindingi og klæddir járn, bæði þak og veggir. Á milli þessara skúra er byggt ris úr trésperrum og járnþaki á langböndum. Í suðurenda millibyggingar er matstofa, 2 geymsluleifar og vinnustofa. Meginhluti millibyggingarinnar er verksmiðjupláss fyrir járnsmíði. Skúrarnir eru þá 25,7x52x2,4 m og 18x6,0x2,4 m en millibyggingin 25,5x11x2,7 m.“

Lýsing: Horfið. Rífið í maí 1949. Líklega liggja leifar af þessum húsum enn í jörðu.



Mynd 22. Fyrir miðju við Brunnstíg er skemman sem tilheyrði Lýsissamlaginu.⁵³

Hlíðarhús 3-115 Vorhús

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-115	Vorhús, Brunnstígur 7	Íbúðarhús	Heimild	1897	356551	408755	9,2	7,6	Ómetið	Að hluta

⁵³ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS F002 1-2 15. júlí 1946, ljósmyndari ókunnur.

Staðhættir: Þar sem nú er Mýrargata suðvestan við Mýrargötu 18. Húsið stóð vestan við Brunnstíg og var númer 7. Er merkt inn á kort frá 1905, 1915, 1936 og líka á kort frá 1953, en er líklega rífið stuttu eftir að Mýrargatan er lögð í vestur, sjá mynd 22. Í húsaskrá Reykjavíkur: „Vorhús eru skráð við Brunnstíg 7 byggt 1897 Br. nr.378 og B-nr 668, íbúðarhús, tvílyft. Árið 1900 er virtur geymsluskúr við vesturhlið hússins. Hann er úr bindingi og klæddur með járni á suðurgafli. Stærð 8x5 x 7 1/4 ál.“ Skráð á 3-116.

Lýsing: Horfið. Rífið í maí 1949. Líklega liggja leifar af þessum húsum enn í jörðu.

Hlíðarhús 3-116 Vorhús

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-116	Vorhús, Brunnstígur 7	Geymsla	Heimild	1900	356547	408759	3,8	2	Ómetið	Að mestu

Staðhættir: Þar sem nú er Mýrargata, 11m vestan við Mýrargötu 18. Húsaskrá Reykjavíkur: „Árið 1900 er virtur geymsluskúr við vesturhlið Vorhúsa (3-115). Hann var úr bindingi og klæddur með járni á suðurgafli. Stærð 8x 5x7 1/4 ál.“ Skúrinn er merktur inn á kort frá 1935 og 1941.

Lýsing: Horfið. Rífið í maí 1949. Líklega liggja leifar af þessum húsum enn í jörðu.

Hlíðarhús 3-117 Stakkstæði

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-117	Stakkstæði við Vorhús	Stakkstæði	Heimild	1915	356541	408754	29	18	Ómetið	Já

Staðhættir: Á korti frá árinu 1915 er lóð Vorhúsa merkt sem stakkstæði. Stakkstæði var þar sem nú er Mýrargata, vestan við Mýrargötu 18.⁵⁴

Lýsing: Horfið.

Hlíðarhús 3-119 Stálsmiðjan

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-119	Stálsmiðjan	Vélsmiðja	Heimild	1934	356559	408771	37	25	Ómetið	Að mestu

Staðhættir: Stálsmiðjan við Mýrargötu 22. Úr Húsaskrá: „Fyrsta byggingin virt undir þessu brunanúmeri er einlyft smiðja með bogarisi og kjallara. Undir húsinu er kjallari úr steinsteypu, bæði útveggir og gólf. Árið 1935 er virt opið geymsluskýli úr bindingi á lóðinni. Stærð 13x7,3x2,6 m. Árið 1941 er virtur nýr vélaskúr. Hann er byggður úr bindingi og klæddur utan með járni. Í honum er steinsteypugólf. Stærð 8x2,8x2,1 m. Húsin frá '34 og '35 eru óbreytt að öðru leyti en því að aukið hefur verið við innréttingar í austurenda hússins, svo þar eru nú 2 geymsluherbergi á hvorri hæð og 1 gangur. Árið 1946 er virt ný plötusmiðja úr járnbindingi. Hún er klædd járni á veggjum og þaki. Undir henni er steinsteypur rammi en malargólf. Stærð 38,7x12x6 m. Við hana er viðbygging, stærð hennar 26,9x12x6 m. Húsin eru óbreytt að stærð árið 1951.“

Lýsing: Horfið.

⁵⁴ Kort Ólafs Þorsteinssonar 1915-18. Kortasafn Borgarsögusafns.



Mynd 23. Stálsmiðjan við Mýrargötu.⁵⁵

Hlíðarhús 3-120 Spennistöð

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-120	Spennistöð, Mýrargata 21	Spennistöð	Heimild	1940- 1916	356529	408748	7,5	4,2	Ómetið	Að mestu

Staðhættir: Spennistöð við Mýrargötu á lóð þar sem Mýri stóð áður, flutt 2016 vestar við Mýrargötu og byggð þar í svipaðri mynd, sjá mynd 15.

Lýsing: Horfið.

4.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Engar fornleifar eru sýnilegar á yfirborði á framkvæmdasvæðinu. Vesturgatan er öll malbikuð með gangstéttum beggja vegna. Á því svæði sem nær frá Vesturgötu við Bræðraborgarstíg að Hlésgötu er nú leikvölur, Litli-Völlur, og norðar er óbyggt svæði, en þar er áætlað að reisa kirkju.




Mynd 24. Áætlað framkvæmdasvæði við Vesturgötu, horft í austur.

⁵⁵ Mynd H024519, tekin 10.4.2002, Borgarsögusafn Reykjavíkur.



Mynd 25. Litli-Völlur, leikvöllur þar sem áður voru lóðirnar Vesturgata 46 og Nýlendugata 31, þar sem steinbærinn Litli-Völlur (3-44) stóð.



Mynd 26. Lóðin Nýlendugata 28. Á þessu svæði stóð áður steinbærinn Mýri (3-40).

Tafla 2. Aldursflokkun minja.

Flokkur	Tegund minja	Litur flokks	Fjöldi skráðra minja
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður	13
2	Minjar frá 1922-1930	● Gulur	0
3	Minjar frá 1931 og yngri	● Grænn	3
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	0

Á og við framkvæmdasvæðið eru 16 minjastaðir sem skráðir eru undir jörðina Hlíðarhús. Ekki er kunnugt um neina byggð á svæðinu á tímabilinu 1801-1850,⁵⁶ en svæðið er innan túns Hlíðarhúsa. Á korti frá 1850 er eitt hús merkt inn vestan við svæðið, þ.e. Garðhús (nú Mýrargata 24), á milli Hlíðarhúsa og Ánanausts.⁵⁷ Árið 1866 voru mældar út lóðir undir torfbæi vestur af þeim hluta Vesturgötu sem var þá byggður.⁵⁸ Lítil byggð var þá komin við Vesturgötuna (þar sem framkvæmdasvæðið er) en á korti frá 1876 eru Vesturgata og Bakkastígur merktar inn sem götur. Smám saman byggðust þessar götur upp og elstu byggingarnar voru torfbæir og síðar litlir steinbæir sem nú eru flestir horfnir, en timburhúsin standa við Vesturgötuna. Við skráningu var notast við kort frá árunum 1876-1953 til að staðsetja öll þessi horfni hús sem stóðu á eða við framkvæmdasvæðið. Búast má við að finna fornleifar eða undirstöður þessara mannvirkja, sér í lagi á þeim hluta framkvæmdasvæðisins sem liggur frá Vesturgötu að Hlésgötu, en þar stóðu áður byggingar og elsta húsið á því svæði var Nýlenda, byggð 1871.

Þó að fornleifaskráning hafi farið fram er það ekki trygging fyrir því að áður óþekktar fornleifar séu ekki á skráningarsvæðinu. Leita þarf til Minjastofnunar Íslands ef raska þarf fornleifum.

⁵⁶ Kort Ole Ohlsen og Ole Aanum frá árinu 1801, sjá Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, bls. 22.

⁵⁷ Kort Björns Gunnlaugssonar frá árinu 1850, sjá Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, bls. 44.

⁵⁸ Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*, seinna bindi, bls. 44 og 47.

Heimildaskrá

Óprentaðar / Óútgefnar heimildir / Skjöl

Borgarsögusafn Reykjavíkur:

Deild minjavörslu og rannsókna (Árbæjarsafni).
Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá.
Húsaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn.
Kortasafn.
Ýmis kort og uppdrættir.
Skjalasafn um fornleifar.
Rafræn gögn.
Ljósmyndir teknar við vettvangskonunnun.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur.
Ljósmyndir úr safneign.

Minjastofnun Íslands:

Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands, 2013. Sótt 30.09.2019 af
http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

Landmælingar Íslands:

Reykjavík, kort Landmælingadeildar Herforingjaráðs 1902.

Stofnun Árna Magnússonar:

Örnefnaskrá, Reykjavík og Seltjarnanes, Ari Gíslason skráði.

Prentaðar / Útgefnar heimildir

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn, VII. bindi, Hið íslenzka bókmenntafélag, 1903-1907. Reykjavík.

Einar S. Arnalds: *Reykjavík, Sögustaður við Sund, 4. bindi, lykilbók*. Reykjavík 1989.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, III. Bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla, 2.útg. [ljósprentun], Hið íslenzka fræðafélag, Kaupmannahöfn 1982.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu, J. Johnsen gaf út, Kaupmannahöfn 1847.

Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*, fyrri og seinna bindi. Reykjavík 1929.

Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands, 2013.

Lýður Björnsson: *Safn til sögu Reykjavíkur*. Reykjavík 1971.

Ólafur Lárusson: *Byggð og saga*. Reykjavík 1944.

Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund. 2. bindi, H-P.* Reykjavík 1987.

Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund. 3. bindi, R-Ö.* Reykjavík 1988.

Páll V. Bjarnason og fl: *Mýrargötusvæði, Húsakönnun og fornleifaskráning*, skýrsla 98, Minjasafn Reykjavíkur. Reykjavík 2003.

Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn → Leit í lagasafni → Leitarorð: „Lög um menningarminjar“. Sótt 6.4.2021.

Oddgeir Isaksen: *Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn.* Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 1. Reykjavík 2016. Sjá vef Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is/> → Gagnasafn → Leiðbeiningarrit

Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar

Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn: <http://sarpur.is/>

Teikningavefur Reykjavíkurborgar: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/> → Söfn: Skipulagsuppdættir. Aðaluppdættir.

Vefur alþingis: <http://www.althingi.is/>.

Vefur Borgarsögusafns Reykjavíkur: <http://borgarsogusafn.is/> → Útgáfa → Skýrslur

Vefur Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings: Alfræði Reykjavíkur
<http://archive.ph/Xzmet#selection-54031.0-54033.409>

Vefur Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is/>.

Vefur Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/> → Þjónusta → Skipulag → Skipulag í kynningu / Skúlagata – Frakkastígur. Sótt í sept. 2020.

Minjatafla

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
3-40	Mýri	Steinbær	Heimild	1908-2009	356512	408744	7	6	Ómetið	Já
3-42		Hjallur	Heimild	1887	356522	408726	4	2,6	Ómetið	Já
3-43	Nýlenda	Bústaður	Steinbær	1871	356516	408716	7,6	6,5	Gott	Nei
3-44	Litli-Völlur	Bústaður	Heimild	1887	356498	408727	8	7,2	Ómetið	Já
3-108	Gíslholt vestra, Vesturgata 46	Íbúðarhús	Heimild	1884	356490	408691	10,3	8,7	Ómetið	Að mestu
3-109	Vesturgata 47	Íbúðarhús	Heimild	1876	356493	408675	8,5	4,7	Ómetið	Nei
3-110	Vesturgata 42	Íbúðarhús	Heimild	1885-1968	356530	408671	7,7	6	Ómetið	Að mestu
3-111	Norska húsið, Vesturgata 40	Íbúðarhús	Heimild	1881-1977	356551	408661	10	6	Ómetið	Að mestu
3-112	Vesturgata 36	Íbúðarhús	Heimild	1887	356588	408643	10	5	Ómetið	Að mestu
3-113		Torfbær	Heimild	1887-1920	356522	408723	76	47	Ómetið	Að hluta
3-114	Lýsissamlag íslenskra botnvörpunga	Skemma	Heimild	1940-1949	356530	408735	25	21	Ómetið	Að hluta
3-115	Vorhús, Brunnstígur 7	Íbúðarhús	Heimild	1897	356551	408755	9,2	7,6	Ómetið	Að hluta
3-116	Vorhús, Brunnstígur 7	Geymsla	Heimild	1900	356547	408759	3,8	2	Ómetið	Að mestu
3-117	Stakkstæði við Vorhús	Stakkstæði	Heimild	1915	356541	408754	29	18	Ómetið	Já
3-119	Stálsmiðjan	Vélsmiðja	Heimild	1934	356559	408771	37	25	Ómetið	Að mestu
3-120	Spennistöð, Mýrargata 21	Spennistöð	Heimild	1940-1916	356529	408748	7,5	4,2	Ómetið	Að mestu





Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

- 160 Anna Lís Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*. Rvk. 2012.
- 161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmyri, Seljamýri, Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.
- 162 Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013.
- 163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.
- 164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.
- 165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.
- 166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 167 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 168 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdareftirlit á bæjarstæði Breiðholts*. Rvk. 2014.
- 169 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Stórasels*. Rvk. 2014.
- 170 Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Skrauthólar á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 171 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna María Bogadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir: *Vogabyggð. Svæði 1-3. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 172 Margrét Björk Magnúsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir: *Framkvæmdareftirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015*. Rvk. 2015.
- 173 Anna Lís Guðmundsdóttir, Anna María Bogadóttir: *Kirkjusandur. Borgartún 41 og Kirkjusandur 2. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2016.
- 174 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Kirkjugarður í landi Lambhaga við Úlfarsfell. Fornleifaskráning*. Rvk. 2016.
- 175 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Kennaraháskólareitur. Stakkahlíð, Háteigsvegur, Bólstaðarhlíð*. Rvk. 2016.
- 176 Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Keilugrandi, Boðagrandi, Fjörugrandi*. Rvk. 2016.
- 177 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Grundarstígsreitur*. Rvk. 2016.
- 178 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Hafnarstræti frá Pósthússtræti að Tryggvagötu. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 179 Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016*. Rvk. 2017.
- 180 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Hof 1. Landnúmer 125848. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 181 María Gísladóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Borgartún 34-36. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 182 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Ellidaárdalur. Svæðið norðan Stekkjarbakka. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 183 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 – Árbær*. Rvk. 2017.
- 184 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Heklureitir. Bolholt, Brautarholt, Laugavegur, Nóatún, Skipholt*. Rvk. 2017.
- 185 Anna María Bogadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Skeifan. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 186 Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins*. Rvk. 2017.
- 187 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Úlfarsárdals*. Rvk. 2017.
- 188 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags 1. áfanga við Gufunes*. Rvk. 2018.
- 189 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsveggar frá Leirvogsa að Hvalfirði*. Rvk. 2018.
- 190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017*. Rvk. 2018.
- 191 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Alfsnesvík Þerneysjarsundi*. Rvk. 2018.
- 192 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði*. Rvk. 2018.
- 193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut*. Rvk. 2018.
- 194 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahjúk Úlfarsfelli*. Rvk. 2018.
- 195 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár*. Rvk. 2019.
- 196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018*. Rvk. 2019.
- 198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða*. Rvk. 2019.
- 200 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags*. Rvk. 2019.
- 202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Sofía Ingólfssdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Amundadóttir, Snædís Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019*. Rvk. 2020.
- 203 Anna Lís Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ellidaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 205 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Öskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 206 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Skúlagata – Frakkastígur 1. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 207 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsveggar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 208 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð. Húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 209 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 210 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Laugavegur sem göngugata 2. áfangi. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 211 Alma Sigurðardóttir og Drífa K. Þrastardóttir: *Ártúnshöfði. Svæði 1-4. Húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 212 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Ártúnshöfði. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 213 Sólrún Inga Traustadóttir, Ásta Rakel Viðarsdóttir, Þóra Kristín Briem, Jakob Kristján Þrastarson, Ögn Þórarinsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2021*. Rvk. 2021.
- 214 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Holtsgrata 10-12 og Brekkustígur 16. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.